

J. P. Sólmundsson lagði til að þingið vottaði bygðinni hjartans þakklæti fyrir góðar viðtökur og mikla fyrirhöfn fyrir gestunum. Stutt af B. B. Olson og samþykkt í einu hljóði með því að menn risu frá sætum sínum.

J. P. Sólmundsson lagði ennfreður til að þingið vottaði Eiríki Scheving þakklæti sitt fyrir organista starf á þinginu, og láti í ljósi aðdáun sína, yfir því að sjónlaus maður skuli geta leyst þá íþrótt svo af hendi sem hann gerir. Tillagan var studd af A. E. Kristjánssyni og samþykkt í einu hljóði, með því að menn risu frá sætum sínum.

Fundi slitið

S. B. Brynjólfsson

G. Árnason

Í sambandi við þingið voru fjórir fyrirlestrar haldnir. Sá fyrsti var fluttur á sunnudagskvöldið þ. 19 af A. E. Kristjánssyni og var um hreyfingu þá innan kaþólsku kyrkjunnar, sem Modernismus nefnist. Annan fyrirlesturinn hélt séra G. Árnason á mánudaginn, og var hann um únfatarísku stefnuna. Séra Rögnvaldur Pétursson hélt þriðja um kyrkjuna, og Stefán Thorson þann fjórða, er hann nefndi: "Íbáð á götuhorni." Um alla þessa fyrirlestra urðu all langar umræður, og var ágæt aðsókn að þeim öllum.

Ennfremur fóru guðsþjónustur fram á tveim stöðum, Mary Hill og Norðurstjörnu skólahúsi á sunnudaginn og predikuðu þeir séra Rögnvaldur Pétursson og A. E. Kristjánsson við þær.

Þinginu var slitið kl. hálf tólf þriðju daginn þ. 21 með því að séra J. P. Sólmundsson las 15 kap. Lúkasar guðspjalls og 13 kap. fyrra Korintubrúfsins og að því loknu var sálmurinn nr. í sálmabókinni sunginn.

Daginn á eftir hélt söfnuður Grunnavatusbygðar mjög myndarlegt samkvæmi í Norðurstjörnu skólahúsinu, og voru flestir sem á þinginu voru þar viðstaddir.

Athugas.—Vissra orsaka vegna er fundargjörningur annars fundar ekki birtur í þessu blaði, en verður birtur síðar.